



Framkvæmda- fréttir 11. tbl. / 13



Þann 23. apríl sl. féll skriða á Vestfjarðaveg (60) þar sem nú er unnið að endurbyggingu vegarins í Kjálkafirði. Síðan þá hefur þessi vegarkafli verið undir stöðugu eftirliti og sérfræðingar hafa verið að reikna út hvernig best sé að ná þessu svæði í jafnvægi aftur. Skriðan hefur þornað mikið og nú er ekki talin hætta á ferðum. Verktakinn á svæðinu fylgist þó grannt með þróun mála.

Á öðru leyti ganga framkvæmdir samkvæmt áætlun. Um er að ræða þverun tveggja fjarða, Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar og vegagerð á milli þeirra. Í Mjóafirði er siglt með efni í fyllinguna á pramma en í Kjálkafirði fékk verktakinn leyfi til að færa efni framfyrir fyllinguna með löngum skófluarmi. Af þeim sökum þurfti að fylgjast mjög vel með botninum því með þessari aðferð jókst hættan á sigi. Gamlir ljósastaurar úr stáli voru settir lóðréttir niður á botninn um leið og fyllt var og með því að mæla hæð þeirra er hægt að fylgjast með sigi. Samkvæmt þessum mælingum hefur sigið verið minna en áætlað var. Á myndinni hér að ofan má einmitt sjá staura sem bíða þess að vera notaðir þegar haldið verður áfram með fyllinguna.

Á myndinni hér til vinstri má sjá tilbúinn sökkul undir annan landstöpul brúarinnar á Kjálkafjörð. Sjá fleiri myndir á síðum 2-5. Myndirnar tók Haraldur Sigursteinsson 21. mars.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 21. árg. nr. 608 3. júní 2013

Ritsstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt,
útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Fylling út í Kjálkafjörð. Bedið er með framhaldið þar til brúargerðinni er lokið. Brúarstæðið er þar sem tækin standa á fyllingunni. Sjá myndir í næstu opnu. Gamla veginn má sjá til hægri á myndinni. Það verður lítil eftirsjá af honum.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta á Djúpvegi, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit – Reykjanes 2013-2016 ¹³⁻⁰⁴⁹

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu árin 2013-2016 á eftirtöldum leiðum:

Djúpvegur (61)

Vestfjarðavegur í Reykhólasveit – Hólmavík 30 km

Hólmavík – Reykjanes í Ísafjarðardjúpi 88 km

Heildarlengd vegkafla er 118 km.

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla sl. 4 ár er 33.949 km.

Verkinu skal að fullu lokið 31. maí 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

[Sjá yfirlitsmynd á bls. 7](#)

Vetrarþjónusta, Bíldudalur – Brjánslækur 2013-2016 ¹³⁻⁰⁴⁸

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu árin 2013-2016 á eftirtöldum leiðum:

Barðastrandarvegur (62):

Brjánslækur – Patreksfjörður 56,5 km

Bíldudalsvegur (63):

Barðastrandarvegur

– Flugvallarvegur Bíldudal 33,5 km

Tálknafjarðarvegur (617):

Bíldudalsvegur – Tálknafjörður 2,9 km

Ketildalvegur (619):

Bíldudalsvegur – Hafnarteigur 1,2 km

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla sl. 5 ár er 17.406 km.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

[Sjá yfirlitsmynd á bls. 6](#)

Vetrarþjónusta, Einarstaðir – Biskupsháls 2013-2016 ¹³⁻⁰⁴¹

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Suður-Þingeyjarsýslu árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:

Hringvegur (1)

Einarstaðir – Mývatnssveitarvegur 23 km

Hringvegur (1)

Mývatnssveitarvegur – Mývatnssveitarvegur 16 km

Hringvegur (1)

Mývatnssveitarvegur – Biskupsháls 47 km

Mývatnssveitarvegur (848)

Hringvegur – Hringvegur 20 km

Heildarlengd vegkafla er 106 km.

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 27.750 km.

Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 30 tímar.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

[Sjá yfirlitsmynd á bls. 8](#)

Vetrarþjónusta, Kross - Einarstaðir - Húsavík 2013-2016 ¹³⁻⁰⁴⁰

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Suður-Þingeyjarsýslu árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:

Hringvegur (1)

Kross – Aðaldalsvegur 14 km

Norðausturvegur (85)

Hringvegur – Húsavík 44 km

Aðaldalsvegur (845)

Hringvegur – Norðausturvegur 17 km

Kísilvegur (87)

Norðausturvegur – Hvammavegur 18 km

Heildarlengd vegkafla er 93 km.

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 39.605 km.

Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 25 tímar.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

[Sjá yfirlitsmynd á bls. 8](#)



Seyptir staurar sem reknir voru niður undir sökla brúar á Kjálkafjörð. Stálpil er rekið niður utanum sökkulstæðið til að hægt sé að dæla upp úr því og vinna á þurru.



Brú og fylling á Kjálkafjörð. Hér má sjá vatnsstöðuna í fyllingunni. Sökkulstæðið bíður þess að dælt verði upp úr því. Á myndinni má sjá langa gröfuarminn sem notaður var til að færa út fyllinguna.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, Lón - Raufarhöfn 2013 - 2016 13-042

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Axarfirði árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:

- Norðasturvegur (85)
- Fjallavegur – Raufarhafnarvegur 72 km
- Kópaskersvegur (870)
- Norðasturvegur – Kópasker 4 km
- Raufarhafnarvegur (874)
- Norðasturvegur – Raufarhöfn 19 km

Heildarlengd vegakafla er 95 km.

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 24.452 km.

Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 24 tímar.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Sjá yfirlitsmynd á bls. 9

Vetrarþjónusta, Raufarhafnarvegur - Bakkafjörður 2013 - 2016 13-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Norður-Þingeyjarsýslu árin 2013 – 2016 á eftirtöldum leiðum:

- Norðasturvegur (85)
- Raufarhafnarvegur - Hafnarvegur 86 km
- Hafnarvegur Bakkafirði (91)
- Norðasturvegur – Bakkafjörður 4,5 km
- Langanesvegur (869)
- Norðasturvegur – Flugvallarvegur 1,6 km
- Flugvallarvegur (871)
- Langanesvegur – Flugvöllur 0,5 km

Heildarlengd vegakafla er 93 km.

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla á snjómokstursleiðunum sl. 5 ár er 25.202 km.

Biðtími vélamanns, meðaltal sl. 5 ár er 140 tímar.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. júní 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 19. júní 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Sjá yfirlitsmynd á bls. 9

Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi – Ytri Kárastaðir 13-002

Tilboð opnuð 28. maí 2013. Endurbýgging Vatnsnesvegur frá Hvammstanga að Ytri Kárastaðum, lengd 4,62 km. Innifalið í verkinu er gerð bæjarhlíðs með tilheyrandi eyjum og uppsetning vegriðs.

Helstu magntölur eru:

Fylling	4.340 m ³
Fláafleygar	7.300 m ³
Styrktarlag 0/63	3.700 m ³
Burðarlag 0/22	5.200 m ³
Klæðing	31.100 m ²
Ræsalögn	139 m
Rásarbotn og fláar	40.700 m ²
Vegrið	173 m
Eyjar með steinlögðu yfirborði	25 m ²



Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 1. september 2013 og verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2013.



nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	73.311.000	100,0	6.737
2	Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	68.101.700	92,9	1.528
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	66.574.000	90,8	0

Umferðarmerkjahornið



Leiðbeinandi hraðamerkingar hafa verið notaðar hér á landi frá árinu 2005. Það er óhætt að segja að vel hafi tekist til við innleiðingu þessara merkja. Varúðarmerki sem sýnir margar krappar beygjur er upplýsandi en þegar til viðbótar er mælt með að aðeins sé ekið á 20 km/klst. Þá aka flestir ökumenn mjög varlega. Þessi mynd er tekin á Hringvegi (1) á Breiðdalsheiði á Austurlandi. Nú eru alls 1.098 merki af þessu tagi við þjóðvegi landsins og sýna þau leiðbeinandi hraða frá 70 km/klst. og niður í 20 km/klst.





Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð 13-053

Tilboð opnuð 28. maí 2013. Smíði nýrrar brúar yfir Múlakvísl og tenging hennar við Hringveginn með gerð nýs 2,2 km vegkafla. Brúin verður eftirspennt bitabru í sex höfum, 162 m löng og 10 m að breidd. Verkið felur einnig í sér gerð varnargarðs og landmótun.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð	
Fyllingarefni í veg, varnargarð og landmótun	148.000 m ³
Efni úr skeringu	32.000 m ³
Efni úr námum	116.000 m ³
Rofvarnir	13.200 m ³
Efra burðarlag	4.060 m ³
Tvöföld klæðing	19.100 m ²
Frágangur svæða	60.000 m ²
Brú:	
Rofvörn	2.100 m ³
Mótafletir	3.627 m ²
Steyppustyrktarjárn	116,2 tonn
Spennt járnalögn	47,8 tonn
Steypa	2.426 m ³
Vegrið, heildarlengd með endastykkjum	540 m

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6 Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	684.452.000	136,6	214.071
5 ÍAV hf., Reykjavík	632.772.376	126,3	162.391
4 Ístak hf., Mosfellsbæ	518.828.728	103,6	48.447
3 Jáverk ehf., Selfossi	505.707.605	100,9	35.326
--- Áætlaður verktakakostnaður	501.000.000	100,0	30.619
2 Urð og grjót ehf., Reykjavík	482.404.130	96,3	12.023
1 Eykt ehf., Reykjavík	470.381.359	93,9	0

Norðfjarðargöng, eftirlit 13-021

Tilboðum skilað 28. maí 2013. Eftirlit með gerð Norðfjarðarganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Jarðgöngin verða um 7,5 km löng í bergi og er breidd þeirra 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 370 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 7,0 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til fleiri útboða í verkinu svo sem til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og byggingu brúa á Eskifjarðará, 38 m og Norðfjarðará, 44 m. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð. Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Á fundinum var lesið upp hverjir skiluðu inn tilboðum: GeoTek ehf. og Efla hf., Reykjavík Verkís hf. og VSÓ - Ráðgjöf ehf., Reykjavík Verkfræðistofan Hnit hf., Reykjavík

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 4. júní 2013 kl. 14:15 þar sem lesin verður upp stigagjöf bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðenda opnuð.

Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð 13-023

Tilboð opnuð 28. maí 2013. Framleiðsla og flutningur á niðurrekstrarstaurum undir brú á Mjóafjörð á Vestfjarðavegi.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura	1.628 m
Flutningur niðurrekstrarstaura	297 tonn

Áætluð verklok eru fyrir lok júlí 2013.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	23.100.000	100,0	6.158
5 Ístak hf., Reykjavík	22.387.794	96,9	5.446
4 Stálborg ehf., Hafnarfirði	21.402.816	92,7	4.461
3 Loftorka í Borgarnesi ehf., Borgarnesi	17.994.000	77,9	1.052
2 BM Vallá ehf., Reykjavík	17.000.000	73,6	58
1 Esju-Einingar ehf., Reykjavík	16.942.200	73,3	0

Endurbætur á Hringvegi (1), Fornihvammur - Heiðarsporður 13-014


Tilboð opnuð 28. maí 2013. Breikkun og endurbætur á Hringvegi (1) milli Fornahvams og Heiðarsporðs, alls um 6,37 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	5.200 m ³
Par af bergskeringar	500 m ³
Fláafleygar	15.800 m ³
Fylling	17.400 m ³
Ræsi	243 m
Neðra burðarlag	9.600 m ³
Efra burðarlag	3.900 m ³
Tvöföld klæðing	17.200 m ²
Frágangur fláa, jöfnun svæða	102.000 m ²
Rofvarnir	2.000 m ³

Skila skal vegi með grófjöfnuðu neðra burðarlagi, fyllingum, grófjöfnuðum fláum og öllum ræsum eigi síðar en 1. nóvember 2013 og öllu verkinu fyrir 5. júlí 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 Þróttur ehf., Akranesi	124.416.000	151,7	30.054
3 Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	106.221.200	129,5	11.859
2 Skagfirskir verktakar ehf., Sauðárkróki	98.199.000	119,8	3.837
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	94.362.000	115,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	82.000.000	100,0	-12.362



Sami staður með 66 ára millibili. Fyrstu tilraunir landsmanna til að leggja bundið slitlag tókust misvel. Hjá Vegagerðinni eru til fjölmargar myndir sem voru teknar eftir seinna stríð af bundnu slitlagi í og við Reykjavík. Þessar myndir sýna sumar skemmtilegt sjónarhorn á borgina og nágrenni hennar þótt það hafi ekki verið

endilega tilgangurinn með myndatökunni. Myndin hér að ofan sýnir gamla Hafnarfjarðarveginn þar sem hann liggur niður af Óskjuhlíðinni niður í Fossvogsdal. Merking filmunnar var skönnuð með. Nú er þarna fríðsæl húsagata, Suðurhlíð, með Fossvogskirkjugarð á hægri hönd og íbúðabyggð á vinstri hönd. Kópavogur í baksýn.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
13-052 Vetrarþjónusta á Héraði 2013-2016	2013
13-051 Vetrarþjónusta á Vopnafirði 2013-2016	2013
13-053 Vetrarþjónusta á Fjörðum 2013-2016	2013
13-054 Vetrarþjónusta á Hornafirði 2013-2016	2013
13-044 Vetrarþjónusta, Fróðárheiði- Breiðavík-Staðarsveit 2013-2016	2013
13-045 Vetrarþjónusta, Ólafsvík -Vatnaleið 2013-2016	2013
13-046 Vetrarþjónusta, Vatnaleið og Snæfellsnesvegur að Staðarstað og Narfeyri 2013-2016	2013
13-047 Vetrarþjónusta í Dalasýslu 2013-2016	2013
13-030 Sementsfestun og yfirlögn á Djúpvegi (61), 2013	2013
13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði	2013
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013
13-005 Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Núpur	2013
12-056 Dettifossvetur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013
13-006 Melasveitarvegur (505), Hringvegur - Bakki	2013
12-052 Hringvegur (1) um Múlakvísl, varnargarðar	2013
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
13-040 Vetrarþjónusta, Húsavík - Kross-Einarsstaðir 2013-2016	03.06.13 19.06.13
13-041 Vetrarþjónusta, Einarsstaðir -Biskupsháls 2013-2016	03.06.13 19.06.13
13-042 Vetrarþjónusta, Lón-Raufarhöfn 2013-2016	03.06.13 19.06.13
13-043 Vetrarþjónusta, Raufarhafnarvegur - Bakkafjörður 2013-2016	03.06.13 19.06.13
13-048 Vetrarþjónusta, Bíldudalur - Brjánslækur 2013-2016	03.06.13 19.06.13
13-049 Vetrarþjónusta á Djúpvegi (61), Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes 2013-2016	03.06.13 19.06.13
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði	27.05.13 25.06.13
12-050 Hringvegur (1) Hamragilsvegur - Litla kaffistofan, malbikun	27.05.13 11.06.13
13-032 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2013-2016	21.05.13 04.06.13
13-033 Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum 2013-2016	21.05.13 04.06.13
13-034 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Blönduós-Sauðárkrókur 2013-2016	21.05.13 04.06.13
13-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Siglufjörður 2013-2016	21.05.13 04.06.13
13-038 Vetrarþjónusta, Eyjafjörður að austan 2013-2016	21.05.13 04.06.13

Auglýst útboð, framhald	Auglýst: Opnað:
13-039 Vetrarþjónusta, Eyjafjörður að vestan 2013-2016	21.05.13 04.06.13
13-031 Múlagöng, endurbætur á rafkerfi 2013 - 2014	21.05.13 11.06.13
13-026 Hróarstunguvegur (925), Hringvegur - Árbakki	21.05.13 04.06.13
13-003 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Harrastaðir	21.05.13 04.06.13
Útboð í hæfnismati	Auglýst: Opnað:
13-021 Norðfjarðargöng, eftirlit	15.04.13 04.06.13
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
13-014 Endurbætur á Hringvegi (1), Fornihvammur - Heiðarsporður	13.05.13 28.05.13
13-023 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð	13.05.13 28.05.13
13-002 Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi - Ytri Kárastaðir	13.05.13 28.05.13
12-053 Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð	29.04.13 28.05.13
13-027 Festun og yfirlögn á Pverárfjallsvegi 2013	29.04.13 14.05.13
13-016 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, blettanir með klæðingu	15.04.13 30.04.13
13-004 Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur - Laxá	15.04.13 30.04.13
13-008 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, klæðing	08.04.13 23.04.13
12-045 Norðfjarðargöng	24.09.12 16.04.13
13-020 Norðfjarðarvegur (92), brú á Norðfjarðará	25.03.13 16.04.13
13-011 Yfirlagnir á Austursvæði 2013, klæðing	25.03.13 09.04.13
12-055 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur á rafkerfi 2013	17.12.12 22.01.13
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07.08.12 18.09.12
Samningum lokið	Opnað: Samið:
13-013 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2013, repave-fræsing og malbik <i>Loforka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459</i>	23.04.13 17.05.13
13-024 Biskupstungnabraut (35), styrking ofan Brúarár <i>Suðurtak ehf., kt. 561109-0790</i>	23.04.13 28.05.13
13-012 Yfirlagnir á Suðursvæði 2013, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499</i>	23.04.13 16.05.13